



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Kristnihátíð í Mosfellsbæ
5. mars 2000**

Ung stúlka í heiðinni leitaði heim í dalinn sinn, Mosfellsdal. Villt í þokunni. Hét á kirkjuna að vísa sér veginn. Bar skjóðu með brauði, sex punda hleif sem átti að endast í vikunesti og gott betur.

Þjökuð og þreytt. Hungrið sagði til sín en samt snerti hún Guðrún ekki brauðið. Það var ætlað öðrum.

Löngu seinna spurði forvitinn strákur úr sveitinni sem átti eftir að verða mesta skáld Íslands í undrun hvort henni hefði verið sama hvort hún lifði eða dó, bara ef brauðið kæmist á leiðarenda. Þá var svarað af hógværð og lítillæti: „Því sem manni er trúað fyrir, því er manni trúað fyrir.”

Lítill frásögn úr Mosfellsdalnum, látlaus og einföld að allri gerð en birtir samt í hnotskurn líf og sögu íslenskrar þjóðar í þúsund ár. Saga um heilindi og vakandi trúmennsku, um kirkjuna og mannfólkið, lífið og guðsóttu. Dæmisaga sem birtir kjarnann sem gefið hefur Íslendingum styrk og atorku í andstreymi og erfiði, viljann til verka í fátækt og basli, vissuna um hið góða í mannum sjálfum. Skír frásögn um náðargjöf sem Guð gaf svo við rötum úr villu í ljósið, finnum leið í dimmri þoku, komumst heim með brauðið heilt.

Kristnihátíð á okkar tíð, á öld óhófs og allsnægta; auður og efni aldrei meiri; háreistar hallir hýsa markaðstorg viðskipta og fjármagns. Eyfir ekkjunnar agnarsmár á vogarskálum sem nú mæla arð og umbunun. Verðmætin metin á annan hátt en áður. Hraði breytinganna æ ofan í æ notaður til að réttlæta höfnun þess sem fyrrum var talið góður siður, samkennd og sanngirni.

Hvað er kristnihátíð á slíkum tímum? Fögnuður til hátíðarbrigða? Helgihald á fornum völlum og í heimabyggð til þess eins að hylla langa sögu? Umbúðir án innihalds, yfirborð án ögrunar?

Eða er kristnihátíð kyrrðarstund í erli og umbrotum hraðfleygs tíma, næði til að hugleiða boðskap Krists, fagnaðarerindið, leiðarljósið á lífsins göngu? Er kristnihátíð vegamót, áningarstaður þar sem við lítum í eigin barm og veltum fyrir okkur trúnaði og hollustu, spyrjum hvort við höfum varðveitt brauðið sem öðrum var ætlað eða freistast til að taka af því sjálf.

Við sjáum allt í kring árangur efnahagslegrar velsældar. Við sjáum vegleg mannvirki, glæsilega bústaði, tignarlega umgjörð – en samt berast okkur válegar fréttir af fátækt og örbirgð, af æskufólki sem missir fótanna í trylltum dansi, fellur fyrir fíkn og freistingum, týnir lífi og heilsu.

Við sjáum þjóð sem áður var rótföst í lífsháttum sveitar og sjósóknar ganga nú greitt um gáttir á alþjóðavelli, verða fyrri til en flestar aðrar að tileinka sér undraverða tækni sem umbyltir samskiptum, hugsun og hegðan – en samt berst okkur nístandi vitnisburður um vaxandi einsemd hjá ungum og öldruðum, örvæntingu sem sviptir marga sannri gleði.

Við sjáum árangur sem aldrei fyrr í vísindum og listum, viðskiptum og framleiðslu, líf skjörum og aðbúnaði – en samt virðist samhugur á undanhaldi í íslensku samfélagi, umhyggja og trúnaður vikur fyrir kappsfullri áherslu á eigin hag.

Þjóðin lifir ekki á brauði einu saman, hún þarfnast líka trúar, hollustu við hið góða, við boðskapinn sem Kristur færði okkur til eftirbreytni, við þau lífsgildi sem voru Guðrúnu gömlu leiðarljós þegar hún ung að árum villtist hér í heiðinni.

Kristni og kirkja hafa tengt okkur saman, gert Íslendingum kleift að ná heilir heim, verið okkur í senn kjölfesta og hvatning til dáða.

Maðurinn er meistaraverk Guðs; samt ærið smár ef hann er einn án annarra. Þúsund ár eru mikil saga; samt aðeins dagur í sköpunarverki heimsins alls.

Við lútum hér höfði í þakkarbæn til guðs, almáttugs skapara himins og jarðar; í þakkarbæn fyrir að hafa fært okkur trúna á eilíft líf, endurreisn í sorg og kvíða; þakkarbæn fyrir hið fagra land sem okkur var gefið og hið góða fólk sem geymdi það og varðveitti um aldir; þakkarbæn og heitstrengingu um að gera öðrum það sem Kristur kenndi, glata ekki sálu okkar þótt allur auður veraldar sé í boði, að bregðast ekki trúnaðinum sem

okkur var falinn, að rata líkt og Guðrún gamla heim í dalinn með brauðið heilt.